

# Um endurskoðun hjá litlum fyrirtækjum

Stefán Svavarsson,  
óvirkur endurskoðandi

# Efnisyfirlit:

- Hver eru viðfangsefni íslenskra endurskoðenda?
- Til hvers endurskoðun?
- Reikningsskil fyrirtækja
- Alþjóðavæðing í endurskoðun og reikningsskilagerð
- Lög um endurskoðendur /endurskoðunarkafli laga um ársreikninga
- Eftirlit með stéttinni
- Útilokun lítilla fyrirtækja frá endurskoðun
- Er unnt að framkvæma endurskoðun hjá litlum fyrirtækjum?
- Hverju þarf að breyta?

# Hver eru viðfangsefni (íslenskra) endurskoðenda?

- Uppgjörspjónusta (þ.m.t. bókhaldspjónusta)
- Skattskilapjónusta
- Endurskoðunarþjónusta
- Önnur verkefni: rekstrarráðgjöf, verðmat, lögfræðiþjónusta

# Til hvers endurskoðun?

- Vottun um áreiðanleika upplýsinga í reikningsskilum – glögg mynd (true&fair view).
- Fyrir hverja:
  - fjármagnseigendur (lánardrottnar og eigendur)
  - samfélagið almennt (almannahagsmunir)
  - “Um eitt erum við þó sammála að endurskoðendur eru fyrst og fremst að vinna fyrir stjórnir fyrirtækja”. Ísl. stjórnarform.
- Undirliggjandi er trúlega sá tilgangur að greiða fyrir því að fjármagn flæði þangað sem það gefur mestan arð.
- Samfélagið krefst þessarar vinnu m.a. til að gæta neytendaverndarsjónarmiða.
- Því miður mörg dæmi um að vinnan hafi ekki verið unnin með þessi atriði í huga til stórfellds skaða fyrir hagsmunaaðila (krísudrifnar „framfarir“).

# Upphaflega var tilgangurinn annar með endurskoðun:

- rannsaka hvort fjárnotkun (stewardship) væri í samræmi við kröfur eigenda
- m.ö.o. tilgangurinn var að fletta ofan af svikum (fraud) ef um þau var að ræða
- með tilkomu fjármagnsmarkaða dró úr þessu hlutverki og það hvarf um tíma, en er nú komið aftur inn að hluta til a.m.k.
- hjá minni rekstraraðilum eiga þessi markmið trúlega frekar við en hjá fyrirtækjum á opinberum mörkuðum sem staðlar um reikningskil voru þó fyrst og fremst fyrir (það á að mestu leyti einnig við um endurskoðunarstaðlana)

# Reikningsskil fyrirtækja

- Hvaða lög hafa verið lögð til grundvallar:
  - lög um hlutafélög (1920)
  - skattalög
  - bókhaldslög (1968) – hér kemur fyrst skírskotun í góða reikningsskilavenju
  - hlutafélagalög (1978) - hér fyrst vísað í góða endurskoðunarvenju
  - lög um ársreikninga (1994)(2006) – hér fyrst vísað í alþjóðlega staðla (fyrst EES og EU tilskipun 4 og 7)
- Nú svona: a) IFRS skylda – félög á verðbréfamarkaði, b) tilgreind stærðarmörk – IFRS heimild, og c) öll önnur félög – ársreikningalögin
- Miklar breytingar á efnis- og formreglum á síðustu tveimur áratugum; samt enn kvartað undan að það vanti tilfinnanlega „early warning signals“. Sagnfræði (economic storytelling) með sjónarvinkil á framtíð.

# Alþjóðavæðing

- IASB stofnuð 1973 – markmið að samhæfa reglur um afkomu- og efnahagsmælingar. Staðlarnir eru nokkur þúsund blaðsíður.
- Enn munur (USA ekki með) en mikil samhæfing eftir ákvörðun ESB (2002) um að fara eftir þessum stöðlum.
- IFAC – gömul samtök endurskoðenda. Gáfu út leiðbeinandi reglur (fyrst Norðurlandaleiðbeindingar). FLE gaf einnig út leiðbeinandi reglur um endurskoðun. ISA (International standards on auditing) – tóku gildi hér 2009. Staðlarnir eru nokkur þúsund blaðsíður.

- Sérkennilegt ákvæði til bráðabirgða(II):

Þar til alþjóðlegir endurskoðunarstaðlar hafa verið teknir upp í íslenskan rétt skal endurskoðun skv. 9. gr. fara eftir góðri endurskoðunarvenju. Með góðri endurskoðunarvenju er átt við að endurskoðað sé með viðurkenndum aðferðum í samræmi við leiðbeinandi reglur um endurskoðun (ISA) út gefnar af alþjóðasamtökum endurskoðenda (IFAC) sem Félag löggiltra endurskoðenda er aðili að.

- Þýðing ekki farið fram. Það m.a. benda einyrkjar á og biðja því um frest en eru ekki að hafna gæðaeftirliti.

# Lög um endurskoðendur/endurskoðunarkafli laga um ársreikninga

- Réttindi reist á skilyrðum (óflekkað mannorð, menntun, próf).
- Endurmenntun er skylda.
- Skylduaðild að FLE.
- Starfsábyrgðartrygging skylda.
- Endurskoðendaráð fylgist með. Gefur áminningu og mælir með sviptingu sem ráðherra framkvæmir þegar við á að mati ráðsins.
- Skylt að kjósa endurskoðenda eða skoðunarmann.
- Skylt að kjósa endurskoðanda ef tilteknum mörkum náð (eignir 120m, tekjur 240m, ársverk 50).
- Ef kosin – verður endurskoðun að fara fram í samræmi við ISA, þ.e. alþjóðlega staðla.
- Skylduendurskoðun – félög á markaði, fjármálafyrirtæki, tryggingarfélög, lífeyrissjóðir, sveitarfélög
- Heimilt að kjósa endurskoðanda hjá öllum félögum/samtökum, og ef svo, verður að fara eftir ISA!!



# Eftirlit með stéttinni

- Áður eigið eftirlit (self-regulation).
- Nú opinbert (public regulation) eins og erlendis en framkvæmt af stéttinni (mönnum í endurskoðun). Ósamræmi við framkvæmdina víða erlendis.
- Trúlega tilviljun að eftirlitið hófst eftir hrun; innleiðing 8. tilskipunar. Einyrkjum sýnist það beinast að sér umfram þá sem unnu fyrir fjármálafyrirtæki fyrir hrun. Ekki skemmt.
- Þeim sýnist að það sé frekar vinna stóru stofanna sem megi deila um fremur en þeirra.
- Hver trúir því, spyrja einyrkjar, að reikningskil bankanna hafi gefið glögga mynd í ljósi þess að Rannsóknarnefnd alþingis komst að þeirri niðurstöðu að eignasafn bankanna hafi verið ofmetið um 7500 milljarðar. Fjárhæð sem svarar til 5-faldrar landsframléiðslu.
- Af hverju er verið að áminna okkur einyrkja og svipta okkur réttindum; við ollum engu tjóni svo vitað sé. Hér er eitthvað umsnúið.

# Útilokun lítilla stofa frá endurskoðun

- Lög um endurskoðendur tóku gildi 2009 og frá og með þeim tíma þarf endurskoðun að fara fram samkvæmt alþjóðlegum stöðlum.
- Þessi breyting hefur valdið gífurlegum kostnaðarauka fyrir lítil fyrirtæki/félagasamtök/kirkjusjóði o.fl. sem fram til þessa hafa kosið að fá/kaupa endurskoðun.
- Minni stofur hafa greinilega boðið ódýrari endurskoðun og unnið samkvæmt áður viðurkenndu vinnulagi – góðri endurskoðunarvenju (stóru líka fram á þessa öld) (óskrifaðar venjur viðurkenndar af mönnum í greininni).
- Hver eru munurinn: formleg vinna ítarlegri, gagnasöfnun ítarlegri, skipulag prófana markvissara, o.fl. Skjölun fyrst og fremst vegna hugsanlegra málaferla; á varla við hjá smærri fyrirtækjum heldur fyrirtækjum á markaði.
- Stærri stofur og alþjóðlegar sýnast hafna því að unnt sé að endurskoða án þess að fylgja hinum stöðlum í hvívetna og fyrir alla stór og smáa (sjálfstætt athugunarefni hvort svo sé – það er Endurskoðunarráðs að fyljast með því og vonandi beinist rannsókn ráðsins einnig að þessum stofum).

# Er unnt að framkvæma endurskoðun há litlum fyrirtækjum?

- Þessi spurning hefur verið þrætuepli í röðum endurskoðenda erlendis um áratugaskeið.
- Íðulega er skipan innra eftirlits með öðrum hætti hjá litlum fyrirtækjum og það eitt ætti að leiða til umframvinnu af hálfu endurskoðenda sem lítil fyrirtæki bera tæpast.
- Skemmri skírn hefur því verið málið. Það er þó eitur í beinum margra endurskoðenda.
- Samt er það þannig að t.d. Bretar/Danir hafa verið með skylduendurskoðun á litlum fyrirtækjum.
- Bretar eru nú búnir að breyta því og sífelld fækkar þeim fyrirtækjum sem þurfa að kaupa endurskoðun samkvæmt ákvæðum laga. Fækkaði um tugi þúsunda – fyrirtækjum í Bretlandi við síðustu breytingar (2012) sem ekki þurfa endurskoðun.

# Hverju þarf að breyta?

- Mín skoðun er sú að aðallega þurfi að vinna því fylgi hjá umbjóðendum endurskoðenda að annars konar „staðfestingarvinna“ en endurskoðun komi til greina.
- Erlendis (USA) hefur um árabil verið boðið um þessar tvær tegundir af þjónustu (líka efni frá IFAC um þessa vinnu):
  - uppgjörsvinna (compilation)
  - reikningskil yfirfarin (review)
- Hef rökstuddan grun um að vinna endurskoðenda á Íslandi, seld sem endurskoðun, hafi í raun verið af þessum gerðum fremur en formleg endurskoðun; tekur bæði til stórra og smárra stofa.
- Nú sýnast stóru stofurnar vera að beita hinum alþjóðlegum stöðlum með ítarlegri hætti en áður; þess vegna hefur kostnaðurinn við vinnuna aukist. Minni stofunar hafa ekki beitt stöðlunum enn að því er virðist.
- Annar kostur væri kannski að sameiginlega komist menn að því hver lágmarksrannsókn þarf að vera til að mega skrifa „endurskoðað“. Ólíklegt að um það náist sátt (það er reynslan að utan).
- Hins vegar þykir það miður, því mörg smærri fyrirtæki/félagasamtök vilja endurskoðun, eða öllu heldur einhvers konar eftirlit, án þess þó að vinnan þurfi að kosta morð fjár.

# Hvað felst í „compilation“ og „review“?

- Hvor tveggja þjónustan kallar á að endurskoðendur vinni sem fagmenn og skrifi ekki uppá ef þeir vita af einhverju sem ekki stenst.
- Vinna er sum sé ekki án ábyrgðar, þótt hún sé ekki eins umfangsmikil og dýr og endurskoðun. Huga verður að skyldum endurskoðenda sem opinberra sýslunarmanna.
- Dreg stórlega í efa að samskipti við fjármálastofnanir/eigendur/skattyfirvöld verði eitthvað stirðari hjá smærri/miðlungi stórum fyrirtækjum, þótt horfið verði frá „endurskoðun“ og farið í uppgjörsvinnu (compilation) eða að reikningsskil séu yfirfarin (review).